

Hvernig valdirðu sérgrein þína? Hvar lærðir þú og hvaða ráð viltu gefa ungum læknum?


Framhaldsnám í lyf- og hjartalækningum í Bandaríkjunum

Ég hef oft hitt kollega, sem frá barnæsku vildu verða læknar og voru jafnvel með sérgreinina á hreinu. Í mínu tilviki rataði ég eftir ýmsum vörðum á veginum áður en ákvörðun var tekin. Ég var í stærðfræðideild í MR en mér hugnaðist ekki að fara í verkfræði eða eðlisfræði en efnafræði fannst mér skemmtileg og ég vissi að hún vóg þungt fyrstu árin í læknisfræðinni. Þá höfðaði mannlegi þátturinn í læknisstarfinu mjög til mín. Ég skræði mig í læknadeildina sumarið 1968 og útskrifaðist árið 1975. Sem aðstoðarlæknir á mörgum deildum spítalanna fannst mér áhugavert og gaman að vinna, allt frá geðdeild til skurðeilda. Ég réði mig í eitt ár sem deildarlækni á hjartadeild Landspítalans. Þar tengdist maður sjúklingum mjög náð en auk þess voru þar framkvæmdar ýmsar aðgerðir og rannsóknir, sem áhugavert var að taka þátt í. Á þessum árum æddi kransæðasjúkdómurinn yfir lönd eins og faraldur. Ég ákvað að fara í hjartalækningar.

Ég tók mitt sérnám á háskólaspítalanum, Case Western Reserve University, (CWRU) og tengdum spítala í Cleveland, Ohio. Ég var búinn að starfa hér heima í þrjú ár, þegar loksins fékkst leyfi til að fara þangað. Síðasta hindrunin af mörgum var próf, svonefnt „visa qualifying examination“ sem var haldið í London. Ég ræddi við ýmsa lækna um framhaldsnám en margir hjartalækna höfðu stundað framhaldsnám Bandaríkjunum og mæltu með námi þar. Skipulag framhaldsnámsins þar var mjög gott. Fyrst voru þrjú ár í almennum lyflæk-

ingum og því lauk með prófi (American Board of Internal Medicine) síðan voru tvö ár í hjartalækningum og þá var tekið sérfræðingspróf (American Board of Cardiovascular Disease). Fyrstu árin var mikil vaktabyrði, einkum fyrsta árið, sem var með þrískiptum vöktum. Launin voru tiltölulega lág en fóru hækkandi með hverju ári. Þegar leið á námstímann gafst oft tækifæri til að taka aukavinnu, sem bætti hag umtalsvert. Fyrir tilstuðlan prófs Robert Botti, yfirlæknis hjartadeildarinnar, stundaði ég síðasta árið grunnrannsóknir á viðtækjum hjartans við háskólann (CWRU) og fékk auk launa frá spítalanum styrk frá amerísku hjartasamtökunum (American Heart Association). Hann sá til þess að ég hefði strax titilinn „assistant professor“ og reiknað var með mér sem sérfræðingi í fullt starf að þessu ári liðnu. En þá bárust þau tíðindi að Borgarspítalinn vildi bæta við sig hjartalækni. Botti var velgjörðarmaður minn og sporin voru þung þegar ég tjáði honum að fjölskyldan vildi fara heim og að ég yrði að

Ég réði mig í eitt ár sem deildarlækni á hjartadeild Landspítalans. Þar tengdist maður sjúklingum mjög náð en auk þess voru þar framkvæmdar ýmsar aðgerðir og rannsóknir, sem áhugavert var að taka þátt í



Gestur Þorgeirsson
sérfræðingur í lyflækningum og hjartasjúkdómum

segja upp samningnum við hann. Römm er sú taug.

Á nokkrum árum upp úr síðustu aldamótum bætti ég við mig gráðu (DSc) í klínískri faraldsfræði við Erasmus háskólann í Rotterdam. Það var gaman að geta gert það og gagnlegt. Um það leyti varð ég einnig yfirlæknir hjartadeildar Landspítalans.

Bandaríkin með sína frábæru háskóla og spítala eru mjög spennandi kostur fyrir íslenska lækna, sem eru að íhuga framhaldsnám. Þangað hafa læknar sótt dýrmæta þekkingu og færni. Í framhaldsnáminu reynir oft mikið á makann og því er styrkur að því að fleiri íslenskar fölskyldur séu búsettar í grenndinni. Í Cleveland voru þess mörg dæmi að makar lækna gátu sótt nám í háskóla og lokið því með háskólagráðu. Vert er að hafa í huga að menning og loftslag er mjög breytilegt eftir fylkjum. Sumir kunna betur við sig í Minnesota en Florida og öfugt. Svo má geta þess að Cleveland er á sömu breiddargráðu og Madrid!

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan ég og mín fjölskylda bjuggum í Bandaríkjunum. Í endurminningunni voru þetta mjög góð ár. Ég vil ráðleggja þeim, sem eru að íhuga framhaldsnám þar, að leita til lækna, sem eru nýlega komnir þaðan eða þekka vel til.

H J A R T A L Æ K N I N G A R

Myndin er tekin á Sahlgrenska með tveimur af mínum bestu kollegum, frá vinstri: Þorsteinn H. Guðmundsson, ég og Pétur S. Guðjónsson. Þeir hafa báðir gefið leyfi fyrir birtingu myndarinnar.



Vilborg Jónsdóttir
hjartalæknir

Allt áhugavert við hjartalækningar

Ég ákvað snemma að verða læknir eins og svo margir. Veikindi fjölskyldumeðlima sem kröfðust langrar veru fjölskyldunnar á spítala höfðu mikil áhrif á mig þegar ég var að alast upp og ég fann að þetta var það sem mig langaði að gera. Afi minn lést svo skyndidauða sem talinn var vera vegna kransæðastíflu þegar ég var 15 ára og eftir það var ég ákveðin í að verða hjartalæknir. Stefnan var tekin í Menntaskólan á Akureyri og svo í læknadeild Háskóla Íslands. Ég áttaði mig fljótt á því að þetta með hjartalæknisfræðina myndi eflaust ekki ganga upp. Ég varð ung mamma og komin með ungling þegar ég þyrfti út í sérnámið, mér fannst það stór biti fyrir soninn. Fjölskyldan var ekki mjög æst í að fara út, það hentaði mjög illa á þessum tíma. Það má því segja að ég hafi gefið upp alla von um að ég yrði hjartalæknir. Ég fór því í sérnám í heimilislækningum í tvö og hálf ár.

Ég fann að það var alls ekki fyrir mig og fór ég því yfir í sérnám í lyflækningum og vann á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Eftir miklar vangaveltur hjá fjölskyldunni var síðan ákveðið að halda til Gautaborgar svo ég gæti klárað sérnámið í lyflækningum á Sahlgrenska háskólasjúkrahúsinu. Við hjónin fórum með börnin þrjú með okkur og elsti sonur minn fór í 9. bekk í Svíþjóð. Þessi tími var vissulega krefjandi fyrir unglinginn á heimilinu en hann stöð sig vel og stefnan var alltaf sett á að dvelja í tvö ár.

Ég róteraði á hjartadeildina á Sahlgrenska í sex mánuði, sem var hluti af sérnáminu í lyflækningum. Mjög svo

krefjandi og lærdómsrík rótering. Ég fann strax að þar átti ég heima. Allt var spennandi og það gaf mér mikið að sjá sjúklinga koma inn fárveika og við gátum oft gert svo mikið fyrir þá fljótt og örugglega. Svo voru margir Íslendingar þar og gott að hafa alltaf einhvern að ræða við þegar mig vantaði ráð. Mér datt þó ekki í hug að ég gæti fengið þar sérnámsstöðu. Það voru margir um hituna og ég var hvort sem var á heimleið til Íslands aftur og búin að bóka farið heim. Elsti sonurinn farinn heim á undan í framhaldsskóla. Ég fékk svo símtal frá yfirlækni hjartadeildar og hann spyr hvort ég vilji ekki sækja um sérnámsstöðu hjá þeim. Eftir smá umhugsun var öllum plönum breytt, ég sótti um og fékk stöðuna. Sérnámið kom þannig til mín.

Ég endaði á að vinna á Sahlgrenska sjúkrahúsinu í fimm ár og hefði mjög verið til í að vera lengur. Hjartalækningar eru mín sérgrein því mér finnst allt við þær áhugavert, sjúklingahópurinn er breiður og við getum gert margt í höndunum. Ég veit líka að það á alls ekki við mig að sitja ein inni á stofu allan daginn, ég þarf sjúkrahús og teymisvinnu. Mér finnst afar mikilvægt að gefa mér tíma með sjúklingum, útskýra vel, mynda traust samband og vinna af alúð og fagmennsku.

Mitt ráð til ungra lækna er að fylgja hjartanu og gefa sér tíma í að hugsa. Hugsið um ykkur sjálf, ykkar nánustu og hvað hentar ykkur best. Þegar ég var á þessum tímupunkti fann ég fyrir miklum þrýstingi að drífa mig af stað. Mitt ráð er að gera þetta allt á ykkar forsend-

um. Mikilvægt er að velja sérgrein sem þið hafið áhuga á og getið hugsað ykkur að starfa við til æviloka. Íhugið hvort þið viljið stofuvinnu, vaktavinnu, sjúkrahústeymisvinnu eða blöndu af öllu. Ekki velja eingöngu út frá stemningunni á deildinni, heldur fyrir hvað þið brennið. Þið verðið síðar sjálf hluti af starfsandnum og getið mótað hann til hins betra ef þarf.

Ég fékk svo símtal frá yfirlækni hjartadeildar og hann spyr hvort ég vilji ekki sækja um sérnámsstöðu hjá þeim. Eftir smá umhugsun var öllum plönum breytt, ég sótti um og fékk stöðuna. Sérnámið kom þannig til mín